

Til aðildarsveitarfélaga Eyþings.

Akureyri, 7. febrúar 2020.

Varðar: Skipting kostnaðar milli aðildarsveitarfélaga við uppgjör í dómsmáli Péturs Þórs Jónassonar gegn Eyþingi.

Beiðni um viðbótarframlag. Trúnaðarmál. Starfsmannamál.

Stjórn Eyþings gerði dómsátt í máli nr. E-59/2019, Pétur Þór Jónasson gegn Eyþingi- Sambandi sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum en málið höfðaði fyrrverandi framkvæmdastjóri til heimtu bóta vegna meintrar ólögætrar uppsagnar ráðningarsamnings. Stjórn Eyþings sagði framkvæmdastjóra upp störfum 31. janúar 2019 að undangengnum tilraunum til gerðar starfslokasamnings.

Gerð var dómsátt við Pétur sem fólst í eingreiðslu að fjárhæð 14.800.000 kr. og að deilum aðila um starfslokin væri þar með lokið. Heildarupphæðin skiptist þannig niður að 11.200.000 kr. var bætur vegna starfsloka og 3.600.000 kr. var áfallinn lögmannskostnaður með vsk. Ofan á upphæðina bætast hvorki lífeyrissjóðsframlög, önnur launatengd gjöld né vextir. Gjaldtagi sáttarinnar er 24. febrúar 2020. Dómsáttin er skuldbindandi fyrir aðila málsins.

Meðfylgjandi er minnisblað lögmanns Eyþings um málið, dags. í dag og afrit af dómsátt sem gerð var fyrir Héraðsdómi Norðurlands eystra hinn 27. janúar 2020. Rétt er að fara með gögnin sem trúnaðarmál og bóka um afgreiðslu erindisins í trúnaðarmálabók.

Stjórn Eyþings fer hér með fram á að aðildarsveitarfélögin leggi til fjármuni til að gera upp samkvæmt sáttinni. Mikilvægt er að framlag hafi borist skrifstofunni svo unnt sé að gera málið upp eigi síðar en á gjalddaga.

Hér er um að ræða hækkun á fjárframlagi frá samþykktri fjárhagsáætlun, vegna sérstakra aðstæðna. Stjórn leggur til að upphæðinni verði skipt milli aðildarsveitarfélaganna í samræmi við lög sambandsins, hlutfallslega miðað við íbúafjölda. Stjórn Eyþings fer hér með fram á að hvert sveitarfélag afli þeirra staðfestinga sem nauðsynlegar eru til að gera upp málið.

Kostnaður af uppgjöri dómsáttar við fyrrverandi framkvæmdastjóra skiptist þannig milli aðildarsveitarfélaganna:

	Íbúar 1.1.2019	Hlutfall	Fjárhæð
Fjallabyggð	2.007	6,59%	975.648 kr
Dalvíkurbyggð	1.905	6,26%	926.063 kr
Hörgársveit	616	2,02%	299.451 kr
Akureyrarbær	18.925	62,16%	9.199.869 kr
Eyjafjarðarsveit	1.042	3,42%	506.540 kr
Svalbarðsstrandarhr.	491	1,61%	238.686 kr
Grýtubakkahreppur	371	1,22%	180.351 kr
Þingeyjarsveit	894	2,94%	434.594 kr
Skútustaðahreppur	502	1,65%	244.034 kr
Norðurþing	3.042	9,99%	1.478.785 kr
Svalbarðshreppur	91	0,30%	44.237 kr
Langanesbyggð	504	1,66%	245.006 kr
Tjörneshreppur	55	0,18%	26.737 kr
SSNE samtals	30.445	100%	14.800.000 kr

Fjárhæðinni er skipt milli sveitarfélaga eftir íbúatölu m.v. 1. jan. 2019.

Vinsamlegast leggið hlutdeild viðkomandi sveitarfélags inn á bankareikning Eyþings, sem er 1187-26-000381. Greiðsla þarf að berast eigi síðar en **21. febrúar 2020**. Sendið staðfestingu á netfangið helgamaria@eything.is.

Virðingarfyllst,

f.h. Eyþings

Fylgiskjöl:

1. Minnisblað, dags. 7.2.2020.
2. Dómsátt, dags. 27.1.2020.